

Nd.

48. Frumvarp til laga

[46. mál]

um breyting á lögum nr. 101 8. desember 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Í stað orðsins: „1966“ í 7. gr. laganna komi: 1967.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., skal verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs gilda fyrir tvö ár í senn.

Samkvæmt 3. málslíð 7. gr. laganna skyldi þó verðlagsgrundvöllur sá, er ákveða átti haustið 1966, aðeins gilda í eitt ár. Þetta ákvæði var sett vegna þess að bersýnilegt var vorið 1966, er lögín voru samþykkt, að eigi myndi fyrir haustið vera hægt að ganga frá þeim athugunum á sviði búreikninga og vinnumælinga, sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að tilfæra í verðlagsgrundvelli „ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð sem miðað er við hverju sinni“ (4. gr. laganna).

Á þessu ári voru sett ný lög um Búreikningaskrifstofu ríkisins nr. 20/1967. Starfsemi skrifstofunnar hefur verið endurskipulögð frá grunni, m. a. eru vinnuskýrslur nú færðar á 46 búum í formi, sem nothæft er. Þessar nýju skýrslur ná aðeins yfir tímabilið janúar—júli 1967, og geta því ekki gefið rétta mynd af „ársvinnutíma bóndans o. s. frv.“

Á vinnumælingum var byrjað sumarið 1966, og þeim hefur verið haldið áfram á þessu ári. Þær ná þó enn aðeins til fárra búa, og aðeins nokkurs hluta landbúnaðarvinnu. Þannig eru t. d. vinnumælingar vegna heyvinnu það fáar og ófullkomnar að telja verður þær ónothæfar. Illframkvæmanlegt er því að ákvarða grundvöll til tveggja ára nú í haust.

Af framangreindum ástæðum er hér lagt til að verðlagsgrundvöllur sá, er ákveðinn verður á þessu hausti, gildi aðeins í eitt ár.